



Hafnarfjarðarbær
Innk: 19/1 2017
Málsnr: 1607434
Préfal: 320

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjavík 16. janúar 2017

1701047SA PK  
Málalykill: 02.61

**Efni: Greinargerð starfshóps fulltrúa neðangreindra aðila um starf að menntun og skólagöngu barna í leit að alþjóðlegri vernd og tillögur um áframhaldandi starf á þessu sviði**

Niðurstöður funda sem haldnir voru sl. vor á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur með aðilum er koma að málefnum barna í leit að alþjóðlegri vernd sýndu fram á mikilvægi þess að samræma verklag varðandi menntun barnanna eins og hægt er. Þá leiddu fundirnir í ljós að mikill skortur er á samstarfi og samræmdri stefnu um málefni barna sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Eins og staðan er í dag eru börn og fjölskyldur í þjónustu þriggja sveitarfélaga og Útlendingastofnunar. Ekki er fyrir hendi nein stefna af hálfu yfirvalda, með hvaða hætti skuli standa að menntun og skólagöngu barna í leit að alþjóðlegri vernd né heldur hvaða ráðgjöf, stuðning og fræðslu skuli veita kennurum og skólástjórnendum til að auðvelda þeim að sinna menntun þessara barna.

Í ljósi þessa hafði Samband Íslenskra sveitarfélaga frumkvæði að því að myndaður var óformlegur starfshópur haustið 2016 til að fjalla um málefni barna sem sækja um alþjóðlega vernd með áherslu á menntun þeirra og velferð. Innanríkisráðuneytið tók að sér að boða til funda og halda utan um þá en starfshópurinn hélt alls fimm fundi og lauk störfum 21. desember sl.

Með þessu er leitast við að fara að dæmi þeirra landa sem nota þær aðferðir að kalla saman ýmsa aðila sem koma að málefnum flóttafólks og þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd í því skyni að leggja grunn að viðtæku samstarfi þeirra um það brýna verkefni sem menntun og velferð barna í þessum hópi felur í sér fyrir öll lönd sem taka á móti flóttafólki og þeim sem sækja um alþjóðlega vernd. Fulltrúar starfshópsins koma að málefnum flóttafólks og þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd, hver á sínu sviði, og hafa reynslu af því að vinna með börnum úr þessum hópi. Í starfshópnum eru: Þórður Kristjánsson frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, Björk Óttarsdóttir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, Aðalheiður Steingrímsdóttir, Halldóra Guðmundsdóttir og Ingibjörg Kristleifsdóttir frá Kennarasambandi Íslands, Helga Guðmundsdóttir frá Rauða krossinum á Íslandi, Fríða Bjarney Jónsdóttir frá Skóla og frístundasviði Reykjavíkur, Hulda Karen Daniëlsdóttir frá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Sóley Jónsdóttir frá velferðarráðuneyti og Krístrún Sigurjónsdóttir frá Hafnarfjarðarbæ. Með starfshópnum unnu Íris Björg Kristjánsdóttir og Lilja Borg Viðarsdóttir frá innanríkisráðuneyti.

Markmið starfshópsins var að setja fram leiðbeinandi verklag um menntun og velferð barna í leit að alþjóðlegri vernd, og voru verkefni hópsins í meginatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi að fjalla um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd í 5. grein reglugerðar um útlendinga þegar reglugerðin var í vinnslu í innanríkisráðuneytinu. Starfshópurinn gerði nokkrar athugasemdir og breytingatillögur við 5. grein reglugerðarinnar um menntun barna en þær náðu því miður ekki allar fram að ganga. Athugasemdir starfshópsins beindust einkum að því að í reglugerðinni er gert ráð fyrir að aldursviðmið um tryggða



menntun verði 16 ár í stað 18 ára, eins og hópurinn lagði til. Starfshópurinn var mjög ósáttur við þessar breytingar og fór fram á að í 5. gr. reglugerðarinnar yrði sett ákvæði í samræmi við 28. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem kveður á um rétt barna til menntunar til 18 ára aldurs. Þá benti starfshópurinn á mikilvægi þess að Ísland hefði sömu viðmið og flest önnur lönd í Evrópu varðandi aldursviðmið menntunar, en samkvæmt upplýsingum Alþjóðasamtaka kennara eru það eingöngu Spánn og Ítalía sem miða við 16 ára, önnur lönd miða við 18 ára aldur.


Þá setti starfshópurinn fram áætlun um menntun barna sem sækja um alþjóðlega vernd. Í áætluninni kemur m. a. fram í hverju stuðningur við menntun barnanna eigi að vera fólgin, annars vegar á meðan þau eru í þjónustu Útlendingastofnunar og hins vegar eftir að þau eru komin í þjónustu sveitarfélaga. Lögð er áhersla á að börnunum sé tryggð menntun og skólaganga eins fljótt og unnt er í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Starfshópurinn ræddi ennfremur mikilvægi þess að útbúinn verði grunnur að upplýsingum, fræðslu, ráðgjöf og stuðningi við kennara og skóla sem sinna menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd. Slíkur grunnur myndi nýtast öllum þeim sem koma að menntun barnanna en með honum væri ennfremur hægt að tryggja mikilvægt samræmi í þjónustu við þau og fjölskyldur þeirra.

Starfshópurinn hefur nú lokið störfum að því ofangreinda verkefni er hann hafði með höndum.

Starfshópurinn leggur mikla áherslu á nauðsyn þess að haldið verði áfram samstarfi ofangreindra aðila um menntun barna í leit að alþjóðlegri vernd með það að markmiði að móta stefnu um menntun og velferð barnanna og stuðning við kennara og skóla sem sjá um menntun þeirra. Starfshópurinn hvetur eindregið til þessa samstarfs og er reiðubúinn til að starfa áfram að þessum brýnu verkefnum. Þá óskar hann vinsamlegast eftir viðbrögðum við þessum tillögum.

Virðingarfyllt  
fyrir hönd starfshópsins,

  
Þórður Kristjánsson  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samrit: Innanríkisráðuneyti  
Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Velferðarráðuneyti  
Kennarasamband Íslands  
Samband íslenskra sveitarfélaga  
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur  
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða  
Rauði krossinn á Íslandi  
Útlendingastofnun